



LANDLÆKNIR

Héraðslæknar
Yfirlæknar á heilsugæslustöðvum
Hjúkrunarforstjóar á heilsugæslustöðvum
Halldór Hansen, yfirlæknir, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

Reykjavík, 30.09.1992

Tilvísun okkar: ABA/MH/hp

Tilvísun yðar:

DREIFEIBRÉF LANDLÆKNISEMBÆTTISINS NR. 9/1992

Meðfylgjandi eru niðurstöður starfshóps á vegum landlæknisembættisins, sem ætlað var að fjalla um áherslubreytingar í skólaheilsugæslu.

Starfshópurinn ákvað að byrja á því að endurskoða reglubundnar skoðanir á skólabörnum og bólusetningar.

Lagt hefur verið til við ráðuneytið að gera reglugerðarbreytingar, þannig að í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982, verði nánari ákvæði um skólaheilsugæslu, en núverandi reglugerð um heilsuvernd í skólum nr. 214/1958 felld niður. Væntum við þeirrar reglugerðarbreytingar innan skamms og verður hún þá send öllum heilsugæslustöðvum. Jafnframt þessu verður skýrslugerð einfölduð og í samræmi við reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, nr. 227/1991, frá 22. apríl 1991.

Landlæknir

Skanna fylgisdög

HEILSUVERND Í SKÓLUM

Framkvæmd heilbrigðiseftirlits skólabarna:

- * 6. ára Hæð/þyngd
 Sjón
 Heyrn
 Læknisskoðun/viðtal
 DT bólu­setning
- * 7. ára Sjón
- * 8. ára Mantoux-berklapróf
- * 9. ára Hæð/þyngd
 Sjón
 Mæ­nusóttar­bólu­setning
- * 12. ára Hæð/þyngd
 Sjón
 Litaskyn
 Bólu­setning gegn rauðum hundum/mótef­namæling, fyrir
og eftir.
- * 14. ára Sjón
 Heyrn
 Viðtal við hjúkrunarfræðing/lækni
 Mæ­nusóttar­bólu­setning
 Mantoux-berklapróf

- * Áherslubreytingar, en ekki ætlast til að dregið sé úr þjónustu.
- * Hverju barni á að gefa kost á viðtali við hjúkrunarfræðing árlega.
- * Fylgja þarf þeim börnum eftir, sem eitthvað athugavert finnst hjá.
- * Náin samvinna verður að vera við kennara, fá hjá þeim yfirlit yfir börn, sem þeir hafa áhyggjur af, af ýmsum orsökum.
- * Aukin áhersla verði lögð á að sinna börnum sem eru í áhættuhópi vegna líkamlegra, andlegra eða félagslegra vandamála.

Heilsuvernd í skólum.

Greinargerð starfshóps, skipuðum af landlækni, til að gera áherslubreytingar í skólaheilsugæslu.

Starfshópurinn skipuðu:

Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur.
Magnús R. Jónasson, heilsugæslulæknir.
Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir.
Vilborg Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur.

Hópurinn tók til starfa þann 4. febrúar 1992. Verkefni hópsins var að endurskoða reglubundnar skoðanir á börnum í grunnskóla og í tengslum við það að leggja til áherslubreytingar í skólaheilsugæslu. Starfshópurinn fjallaði ekki um aðra mikilvæga þætti skólaheilsugæslu, svo sem heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf, aðbúnað skólabarna o.s.frv. Stuðst var við niðurstöður starfshóps, sem landlæknir skipaði 1984, til að meta þörf á skólaheilsugæslu og breytt fyrirkomulag hennar. Auk þess var leitað áhlits nokkurra heilsugæslustöðva, sem gert höfðu breytingar á fyrirkomulagi heilsugæslunnar í þeim skólum, sem í þeirra umsjá eru. Leitað var til Guðmundar Viggóssonar, augnlæknis varðandi sjónpróf og til Árna Þórssonar varðandi hæðar- og þyngdarmælingar. Samráð var haft við Þorstein Blöndal berklayfirlækni varðandi berklapróf.

Niðurstöður hópsins:

Starfshópurinn telur, að skólaheilsugæsla sé nauðsynleg og að ekki eigi að draga úr henni. Hópurinn telur hinsvegar að áherslubreytinga sé þörf. Tillögur hópsins varðandi fyrirkomulag skoðana er að finna á meðfylgjandi blaði.

Hópurinn leggur til að minni áhersla verði lögð á ýmsar líkamlegar skoðanir, en áhersla lögð frekar á aðra þætti, sem eru mikilvægari í því þjóðfélagi sem við búum við í dag. Það er meðal annars að hafa áhrif á lífsstíl barnanna í gegnum ýmiskonar fræðslu og heilbrigðishvatningu. Fylgjast með þeim börnum, sem eiga við einhver vandkvæði að stríða, hvort sem þau eru af líkamlegum, andlegum eða félagslegum toga og finna þau, sem eru í áhættuhóp.

Þessi vinna byggist á samvinnu hjúkrunarfræðings og læknis, en eðlilegt er að umsjón og skipulagnings starfsins sé í höndum hjúkrunafræðingsins, vegna m.a. meiri viðveru hans í skólanum.

Auk þess vill hópurinn benda á mikilvægi samvinnu heilbrigðisstarfsfólks við kennara, sálfræðinga, félagsráðgjafa og annað starfsfólk skólans. Nauðsynlegt er að þessar breytingar verði kynntar vel fyrir ráðamönnum í skólakerfinu til að tryggja sem best alla þá samvinnu, sem nauðsynleg er til að veita börnunum góða þjónustu.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að aðrir þættir skólaheilsugæslu fái svipaða umfjöllun og reglubundnar skoðanir skólabarna hafi nú fengið. Er þar m.a. átt við heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf, aðbúnað skólabarna o.fl. auk þess sem nauðsynlegt er að endurskoða eyðublað varðandi skólaheilsuvernd.